


Lýsing:

Sumarhúsið hefur verið byggt í tveimur áföngum. Fyrsti áfanginn var byggður árið 1967 (merktur A á grunnmyndinni) en seinni áfanginn (merktur B á grunnmyndinni) var byggður árið 1976. Fyrirhugað er að byggja þriðja áfangann (merktur C) sem mun samanstanda af salerni á neðri hæðinni og svefnherbergi á efri hæðinni. Fyrsti áfanginn samanstendur af eldhúsi, borðstofu og geymsluskúr en seinni áfanginn samanstendur af stofu og svefnlofti. Umhverfis sumarhúsið eru timbupallar, grasflöt og gróður.

Aðkoman að sumarhúsinu er frá Grafningsvegi inn á einkaveg sem liggur upp dálitla hlíð. Efst í hlíðinni er möguleiki á að leggja bílum. Gengið er niður timburtröppur sem byggðar hafa verið inn í hlíðina öfugu megin við aðkomu bíla. Tengjast þessar timburtröppur síðan timburpallinum sem liggur umhverfis sumarhúsið til norðurs.

Aðalinngangur sumarhússins er í fyrsta áfanganum. Í seinni áfanganum er síðan bakinngangur. Við bakinnganginn hefur verið komið fyrir notalegri borðaðstöðu með skjólvegg til norðurs.

Í fyrsta áfanganum eru geymslur. Ein geymslan er notuð í dag fyrir salerni og vask. Fyrirhugað er að taka þá aðstöðu í burtu þegar byggður verður þriðji áfanginn. Í þeirri salernisaðstöðu verður komið fyrir til viðbótar sturtuaðstöðu. Hitakút verður komið fyrir undir vaskaborði sem knúinn yrði áfram með rafmagni. Inntak fyrir kalt vatn verður því næst hitakútnum (hefur þetta verið merkt inná grunnmyndina).

Fyrirhugað er að leggja rafmagn í sumarhúsið. Verður þá hægt að hafa rennandi bæði kalt og heitt vatn. Rafmagnið verður tekið inn við hliðina á aðalinngangi sumarhússins (hefur þetta verið merkt inná grunnmyndina).

Sumarhúsið er byggt úr timburgrind. Veggirnir eru klæddir að utan með vatnsvörðum panel. Veggirnir eru einangraðir með plasteinangrun. Klæðningin að innan er úr nótuðum furuborðum. Sitt hvoru megin við einangrunina er annars vegar plast, þ.e.a.s. að innan undir furuborðunum, og hins vegar tjörupappír, sem er undir panelinum sem kemur að utan. Þakið er eins uppbyggt og veggirnir nema það er klætt máluðu bárujárni að utan. Sama má segja um gólfin nema að auki eru þau klædd með vatnsheldum krossvið að neðan. Sá áfangi sem fyrirhugað er að byggja við verður byggður á svipaðan hátt nema einangrunin verður úr steinull. Timburpallarnir umhverfis sumarhúsið eru úr furu. Geymslurnar eru byggðar úr timburgrind sem klædd er að utan með vatnsheldum panel. Sumarhúsið stendur á steyptum undirstöðum og verður sami háttur hafður á fyrirhugaðri viðbyggingu.

Reykskynjarar eru í hverju rými. Merkt hafa verið inn á grunnmyndirnar tvö björgunarop. Annað er staðsett inn á fyrirhuguðu salerni en hitt er staðsett inni í fyrirhuguðu svefnherbergi. Inni í sumarhúsinu eru tvö handslökkvitæki. Annað er 6 kg. dufttæki og hitt er 10 lítra vatnstæki.

Brúttóflatarmál sumarhússins er 76.9m2
Brúttórúmmál sumarhússins er 148.8m3

Brúttoflatarmál geymsluskúra er 3.1m2
Brúttórúmmál geymsluskúra er 6.6m3

Nýtingarhlutfall lóðar er: 0,11474

| breyting dags. | lysing | teikn. |
|---|---|---|

verk: SUMARH.NR.220-9614 NESJAR,GRAFNINGSH.

verkkaupi: Maria,Ingibjörg og Edda Hjálmarsd.

umsjón:

teikning: AFSTÖÐUMYND

mkv: 1:2000

dags.: MAÍ 1999


**ÁSDÍS HELGA ÁGÚSTSDÓTTIR FAÍ**

**Hringbraut 121**
**107 Reykjavík**
**sími 5526629**
**fax 5526649**
**netfang yrki@islandia.is**
**asdis.yrki@village.uunet.be**

Ásdís H Ágústsdóttir Arkitekt FAÍ

Ásdís H. Ágústsd.


| verk nr. | teikn. nr. | breyting |
|---|---|---|
| | B0 | |